

Þingskjal 8

Tillaga til lagabreytinga

- Samninga- og félagaskiptanefnd -

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögina er **rauðmerktar**.
Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

VII. SJÁLFSTÆÐAR NEFNDIR OG DÓMSTIG

38. grein - Áfrýjunardómstóll

- 38.1 Áfrýjunardómstóll KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól.
- 38.2 Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.
- 38.3 Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi og kýs dómstóllinn sér forseta úr hópi aðalmanna.
- 38.4 Dómstóllinn starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ og skulu a. m. k. þrír dómarar fara með mál og skipar forseti í dóminn í hverju máli fyrir sig.
- 38.5 Dómstóllinn tekur fyrir áfrýjanir vegna úrskurða aga- og úrskurðarnefndar, **samninga- og félagaskiptanefndar** og siðanefndar sem ekki eru endanlegir samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, **reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga** og siðareglum KSÍ.
- 38.6 Ákvarðanir dómstólsins eru bindandi fyrir málsaðila. Þó er heimilt að áfrýja þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ. Málsmeðferð fyrir áfrýjunardómstóli ÍSÍ fer eftir lögum ÍSÍ.
- 38.7. Um hæfi þeirra sem kosin eru í áfrýjunardómstól KSÍ skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í áfrýjunardómstól KSÍ skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórn eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

39. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd

- 39.1 Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ starfar skv. lögum þessum og reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Hlutverk samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ er að fjalla um þau málefni sem til hennar er beint samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ og úrskurða í ágreiningsmálum, sem nefndinni berast.

- 39.2 Samninga- og félagaskiptanefnd skal skipuð þremur löglærðum nefndarmönnum og þremur löglærðum til vara.
- 39.3 Nefndarmenn skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi og þar af einn formaður. Kosið skal til tveggja ára í senn.
- 39.4 ~~Úrskurðir samninga- og félagaskiptanefndar um ágreiningsmál eru bindandi fyrir deiluaðila.~~
- 39.5 Um hæfi þeirra sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þau sem kosin eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu hvorki vera í launuðu starfi né sitja í stjórnnum eða ráðum aðildarfélaga og/eða knattspyrnusambandsins.

40. grein - Lögsaga o.fl.

- 40.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, leyfisráð KSÍ, siðanefnd KSÍ, leyfisdómstóll KSÍ, **samninga- og félagaskiptanefnd** og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Dómstóll ÍSÍ er þó ávallt fyrsta dómstig er varða brot á 2. grein og 10. grein í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.
- 40.2 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, siðanefnd KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu lúta lögum þessum og reglugerðum og skulu öll ágreiningsmál gagnvart aðildarfélögum KSÍ, forráðamönnum félaganna, leikmönnum, þjálfurum, liðsstjórum, umboðsmönnum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, siðanefnd KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ nema það sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum KSÍ að reka málið fyrir öðrum nefndum innan KSÍ. Aldrei skal heimilt að reka ágreiningsmál vegna laga- og reglugerða KSÍ fyrir almennum dómstólum.
- 40.3 Niðurstöðum ágreinings- og/eða kærumála innan KSÍ er heimilt að skjóta með áfrýjun til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS. Á það aðeins við ef málskotleiðir innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi hafa verið tæmdar. Alþjóða Íþróttadómstóllinn CAS leysir þá endanlega úr ágreiningsmálinu í samræmi við reglur um gerðardómsmeðferð mála á íþróttasviði (Code of Sports-Related Arbitration), nema landslög kveði á um annað.
- 40.4 Ágreiningsmál alþjóðlegs eðlis sem sprottin eru frá eða varða lög, reglugerðir, tilskipanir eða ákvarðanir FIFA eða UEFA, má á seinasta málskotsstigi aðeins áfrýja til Alþjóða Íþróttadómstólsins CAS samkvæmt lögum FIFA og UEFA.

Greinargerð

Lagt er til að samninga- og félagaskiptanefnd verði hliðstæð öðrum úrskurðaraðilum innan KSÍ samkvæmt lögum sambandsins. Með þessu er stigið lítið skref í átt að tillögum starfshóps KSÍ um endurskoðun dómstólakerfis KSÍ. Nefndin fjallar um ágreining sem getur varðað mikla hagsmuni og því rétt að heimild til áfrýjunar sé tryggð. Þá er ákvæði um að úrskurðir samninga- og félagaskiptanefndar séu bindandi er ekki í fullu samræmi við fyrirmæli í reglugerðum KSÍ sem eftir atvikum geta sætt endurskoðun.

Stjórn KSÍ